

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 847/2014 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 5. tölul., svohljóðandi:

5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2369 frá 18. desember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 743/2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi, sem eru ætlaðar til manneldis, að því er varðar gildistíma hennar.

2. gr.

Ofangreind framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. júlí 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2017/2369**

frá 18. desember 2017

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 743/2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi, sem eru ætlaðar til manneldis, að því er varðar gildistíma hennar

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2013 ⁽²⁾ var samþykkt þegar í ljós komu, við úttekt endurskoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, annmarkar í Tyrklandi á framkvæmd opinbera eftirlitsins með framleiðslu á samlokum, sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins, og þar eð aðildarríki tilkynntu um sendingar af samlokum, sem voru upprunnar í Tyrklandi og voru ekki í samræmi við tilskilin ákvæði, sem uppfylltu ekki örverufræðilega staðla Sambandsins.
- 2) Við síðustu úttekt endurskoðunarþjónustu framkvæmdastjórnarinnar, sem fór fram í september 2015, komu í ljós að enn eru fyrir hendi verulegir annmarkar í eftirlitskerfi með samlokum sem eru ætlaðar til útflutnings til Sambandsins. Lögbær yfirvöld í Tyrklandi lögðu fram upplýsingar um þær ráðstafanir til úrbóta sem hafa verið gerðar til að ráða bót á þessum annmörkum. Þó eru sumir þessara annmarka enn fyrir hendi, einkum að því er varðar frammistöðu rannsóknarstofa.
- 3) Vegna eðlis afurðanna sem um er að ræða ætti að framlengja beitingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 743/2013 þangað til nægilegar tryggingar hafa fengist, prófanir, sem aðildarríkin framkvæma, sýna fram á að sendingar séu í samræmi við tilskilin ákvæði og eftirfylgniúttekt staðfestir að unnt sé að afnema ráðstafanirnar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í annarri málsgrein 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 743/2013 komi dagsetningin „31. desember 2021“ í stað „31. desember 2017“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. desember 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

Jean-Claude JUNCKER

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 743/2013 frá 31. júlí 2013 um verndarráðstafanir varðandi innflutning á samlokum frá Tyrklandi sem eru ætlaðar til manneldis (Stjtið. ESB L 205, 1.8.2013, bls. 1).